

um breyting á lögum nr. 80 16. sept. 1971, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi 1973—74.)

1. gr.

Í stað orðanna „151 brúttórúmllest að stærð“ í a-lið og b-lið 17. gr. laganna komi orðin: 131 brúttórúmllest að stærð.

Fjárhæðir 17. gr. laganna breytist þannig, að í a-lið 1. mgr. komi 320 krónur í stað 120 króna, í b-lið 1. mgr. komi 240 krónur í stað 100 króna og í 2. og 3. mgr. komi 150 krónur í stað 85 króna.

Síðasta málsgrein 17. gr. laganna orðist svo:

Fjárhæðir þær, sem fram koma í a-lið og b-lið 1. mgr. og 2. og 3. mgr., skulu greiðast frá 1. janúar 1974 og skulu breytast í samræmi við fæðislið framfærslu-vísitölu frá 1. júní 1974.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samninganefndir Landssambands ísl. útvegsmanna, Farmanna- og fiskimanna-sambands Íslands og Sjómannasambands Íslands samþykktu nýlega í viðræðum um kaup og kjör sjómanna á fiskibátum, að fara þess á leit við ríkisstjórnina, að hún beitti sér fyrir því, að fæðisgreiðslum til sjómanna yrði breytt eins og lagt er til í lagafrumvarpi þessu. Eru í frumvarpið teknar óbreyttar óskir þessara aðila, eins og þær eru settar fram í bréfum til sjávarútvegsráðherra, dags. 9. mars og 3. apríl 1974, sem undirrituð eru af Kristjáni Ragnarssyni f. h. Landssambands ísl. útvegsmanna, Ingólfi Stefánssyni f. h. Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Jóni Sigurðssyni f. h. Sjómannasambands Íslands. Í síðara bréfinu segir, að samkvæmt kjarasamningum þeim, er nýlega voru undirritaður milli ofangreindra aðila, skuli nú miðað við hinar nýju mælingarreglur Siglingamálastofnunar ríkisins varðandi rúmlestatölu fiskiskipa, sem leiði m. a. til þess, að skip, sem samkvæmt gömlu mælingarreglunni mældu 150 rúmllestir, teljist nú vera 130 rúmllestir.

Á árinu 1972 voru tekjur áhafnadeildar aflatryggingasjóðs 173.8 milljónir króna, en gjöld námu þá 179.5 millj. króna. Niðurstöðutölur fyrir árið 1973 liggja ekki fyrir, en tekjur námu á því ári 267.6 millj. króna, og ef gjöld eru áætluð að hluta, þá nema þau 222 milljónum króna. Tekjur unframt gjöld verða því rúmlega 45 milljónir króna á síðasta ári, en á árinu 1972 voru gjöldin 5.7 milljónum króna hærri en tekjurnar.

Ekki er unnt að sjá fyrir, hvort tekjur áhafnadeildar aflatryggingasjóðs á árinu 1974 muni hrökkva til að mæta þeim hækkunum á fæðisgreiðslum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, enda óvíst annars vegar, hvert verður verðmæti útfluttra sjávarafurða á árinu, og hins vegar, hver verður fjöldi úthaldsdaga og áhafnarmanna á fiskiskipaflotanum. Ekki þykir þó líklegt, að svo mikið muni bera á milli, að á þessu stigi sé þörf sérstakra ráðstafana til þess að auka tekjur áhafnadeildarinnar, þótt samþykkt verði að hækka fæðisgreiðslur til sjómanna, eins og hér er lagt til.